

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

NÍÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM HRINGVEG UM STÓRA SANDFELL Í SKRIÐDAL

1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar lagningu Hringvegur um Stóra Sandfell í Skriðdal í Norður-Múlasýslu, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili: Vegagerðin

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Nýr 1,2 km langur vegur neðan við Stóra Sandfell I og II í Skriðdal. Lagning nýrra vegtenginga að Sandfellsbæjunum, samtals um 200 m langar.

Markmið framkvæmdar: Að bæta vegasamband og auka akstursþægindi og umferðaröryggi á Hringvegi.

Frumathugun: Þann 25. maí 1999 tilkynnti Vegagerðin framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 4. júní 1999 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og 3. júní 1999 í Dagskránni. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 4. júní til 9. júlí 1999 á bæjarskrifstofum Austur-Héraðs, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Ein athugasemd barst á kynningartíma. Leitað var umsagnar Austur-Héraðs, Náttúruverndar ríkisins, Skógræktar ríkisins, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands. Framkvæmdin var kynnt Hollustuvernd ríkisins og RARIK.

Gögn lögð fram við frumathugun:

Frummatsskýrsla:

Hringvegur. Um Stóra Sandfell í Skriðdal. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Verkfræðistofa Austurlands ehf., maí 1999.

Önnur gögn:

Svör framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemd, dags. 12. júlí 1999.

Minjavörður Austurlands. Mat á umhverfisáhrifum vegna hringvegur við Stóra Sandfell í Skriðdal og fornleifakönnun. 27. júlí 1999.

2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **Austur-Héraðs** með bréfi, dags. 27. maí 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 11. júní 1999. Þar segir m.a.:

„Umhverfissráð gerir engar athugasemdir við framkvæmdirnar“

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi, dags. 27. maí 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 27. júní 1999. Þar segir m.a.:

„Gróður

[...] Náttúruvernd ríkisins gerir athugasemd við að ekki var leitað til sérfræðinga eftir upplýsingum um gróður á svæðinu enda verður að gera þá kröfu til upplýsinga í matsskýrslum að þær veiti fullnægjandi upplýsingar um gróðurfar.

Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að raski á grónu svæði utan við vegstæðið verði haldið í lágmarki og tekur undir athugasemd eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar þess efnis að þar sem vegurinn liggur um skóg- eða kjarrlendi verði að gera þá kröfu að einungis verði raskað því svæði sem þarf undir veg og vegfláa (sjá fylgiskjal 4 í frummatsskýrslu). Þess verði gætt að ryðja ekki ofanafýtingu út á kjarrlendið umhverfis vegstæðið.

Dýralíf

[...] Náttúruvernd ríkisins telur mikilvægt að haga framkvæmdum þannig að dýralíf og búsvæði dýra raskist sem minnst við framkvæmdirnar, t.d. með því að jaðarsvæði framkvæmda verði sem minnst.

Efnistaka

[...] Í skýrslu eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins um fyrirhugaða framkvæmd er bent á að búið er að raska öðrum jökulruðningshólnum sem áætlað er að taka efni úr og væri því eðlilegt að byrja efnistöku þar og vinna þá námu eins og hægt er. Í hinum kollinum mætti taka efni ef unnið er frá gamla veginum en þess verður þá að gæta að ganga ekki nærri hlíðinni innanvert í kollinum og sömuleiðis má ekki fara lengra en u.þ.b. 40 m niður frá vegi. Mikilvægt er að gæta þess að ryðja ekki ofanafýtingu á kjarrlendið umhverfis.

Náttúruvernd ríkisins fer fram á að farið verði eftir þeim ábendingum og athugasemdum sem fram koma í ofangreindri skýrslu eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar og að samráð verði haft við hann um afmörkun efnistökusvæða, efnisvinnslu og frágang að efnisvinnslu lokinni. Gera verður áætlun um skipulag efnisvinnslunnar og frágang áður en efnistaka hefst.

Frágangur á núverandi vegi

[...] Náttúruvernd ríkisins telur mikilvægt að við uppgræðsluna verði tekið mið af gróðri í nágrenni vegarins og að haft verði samráð við plöntuvistfræðing um uppgræðsluna.

Að öðru leyti gerir Náttúruvernd ríkisins ekki athugasemdir við framkvæmdina með þeim skilyrðum að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar á Austurlandi um framkvæmdina og frágang vegna hennar, þ.m.t. efnistöku og frágang efnistökusvæða.“

Leitað var umsagnar **Skógræktar ríkisins** með bréfi, dags. 27. maí 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 28. júní 1999. Þar segir m.a.:

„Skógrækt ríkisins gerir ekki athugasemdir við ofangreint mat á umhverfisáhrifum. Samráð það sem gert er ráð fyrir að Vegagerðin hafi við

landeigendur og Skógrækt ríkisins um úrbætur vegna fellingar skógar dugar til að uppfylla skilyrði skógræktarlaga.“

Leitað var umsagnar **veiðimálastjóra** með bréfi, dags. 27. maí 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 21. júní 1999. Þar segir m.a.:

„Samkvæmt verklýsingum skýrslunnar hefur þessi vegagerð hverfandi áhrif á veiðiár á svæðinu, ef frá er talið 8.500 m³ malarnám úr aurum Grímsár skammt neðan ármóta við Víná. Viðkomandi náma er allanngt ofan Grímsárvirkjunar.

Með vísan til 43. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og 11. greinar reglugerðar nr. 179/1994 um mat á umhverfisáhrifum getur undirritaður fallist á þetta efnisnám, enda sé samráð haft við landeigendur, reynt að halda aurburði í Grímsá í lágmarki yfir sumarið og gengið vel frá námu í verklok. Veiðihagsmunir virðast hinsvegar tiltölulega litlir á þessu svæði, ekkert veiðifélag starfandi og skýrsluhald um veiði í molum, þótt hvoru tveggja sé lögbodid.“

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi, dags. 27. maí 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 11. júní 1999.

„Mótvægisáðgerðir Vegagerðarinnar, sbr. k. 2.2 í frummatsskýrslunni, eru fullnægjandi. Fornleifakönnun innan og neðan við bæinn Sandfell I við stöð 6550, sbr. fskj. 3b í nefndri skýrslu, fer fram í sumar, enda hefur Þjóðminjasafn Íslands aflað nauðsynlegs leyfis fornleifanefndar til þess. Ræðst af niðurstöðum þeirrar rannsóknar hvort leggja megi veginn eins og áformað er.

Þjóðminjavarðslan gerir að öðru leyti enga athugasemd við framkvæmdina eins og henni er lýst í skýrslunni.“

3. ATHUGASEMDIR

Athugasemd barst frá **Gísla M. Auðbergssyni hdl.** fyrir hönd Guðmundar Nikulássonar, eiganda 10% jarðarinnar Stóra Sandfells II. Þar segir m.a.:

„Hér með er f.h. umbj. míns mótmælt þessum framkvæmdum, eins og þeim er lýst í gögnum þeim sem liggja frammi á bæjarskrifstofum Austur-Héraðs, og þess krafist að hætt verði við þær.

Ástæða þessarar afstöðu umbj. míns er sú, að hinn nýi vegur mun eyðileggja mikið af túnum jarðanna að Stóra Sandfelli.

Umbj. minn gerir tillögu um að veginum verði frekar valinn staður ofan íbúðarhúsanna að Stóra Sandfelli, við mörk túna og skógar.“

4. UMHVERFISÁHRIF HRINGVEGAR UM STÓRA SANDFELL Í SKRIÐDAL

4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í frummatsskýrslu kemur fram að vegarkafllinn er hluti af Hringveginum og tengir saman byggðir á Fljótsdalshéraði og suðurfjörðum Austfjarða. Vegurinn sveigir frá

núverandi vegi um 400 m norðan við íbúðarhús á Stóra Sandfelli II. Þaðan liggur vegurinn á um 200 m kafla í jaðri lágvaxins birkiskógar, um tún á um 500 metra kafla og inn á núverandi veg 400 m sunnan við íbúðarhús á Stóra Sandfelli I. Fyrirhugað er að leggja 70 m langa heimreið að Stóra Sandfelli I og 120 m langa heimreið að Stóra Sandfelli II. Vegurinn leysir af hólmi úppbyggðan veg með slæma legu og skerta vegsýn og vegurinn færir fjær íbúðar- og útihúsum á Stóra Sandfelli I og II. Samkvæmt frummatsskýrslu verður hæðarlega hins nýja vegar mun betri en núverandi vegar og umferðaröryggi og akstursþægindi aukast.

Endurbygging núverandi vegar er ekki talinn góður kostur vegna nálægðar við hús á Stóra Sandfelli og einnig liggur hann um ójafnara land en valin veglína.

4.1.2 Efnistaka

Heildarefnispörf er áætluð um 20.000 m³ en þar af eru um 16.000 m³ úr námum og um 4.000 m³ úr skeringum milli stöðva 5.850 og 5.930. Efni fæst úr tveimur námum, 8.500 m³ úr áreyrum Grímsár utan við Víná og um 7.500 m³ úr Háamel sem eru ruðningsholt innan við Stóra Sandfell en á báðum stöðum hefur verið tekið efni áður.

4.2 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

4.2.1 Landnýting

Vegurinn mun að stórum hluta liggja um ræktað land. Í frummatsskýrslu kemur fram að heimamenn hafi lagst gegn endurbyggingu vegarins á óbreyttum stað og óskuðu eftir að vegurinn yrði færður niður fyrir bæina. Fyrirhugað vegstæði er bundið af núverandi vegi, byggingum og menningarminjum. Vegstæði ofan við Sandfellsbæina er talið hafa í för með sér meiri landröskun og þar liggur vegurinn einnig um ræktað land og spillir tjaldstæði. Núverandi vegur verður jafnaður út í samráði við landeigendur.

Gísli M. Auðbergsson hdl. mótmælir framkvæmdinni fyrir hönd Guðmundar Nikulássonar eiganda 10% jarðarinnar Stóra Skriðdals II og krefst þess að hætt verði við þær þar sem hinn nýi vegur muni eyðileggja mikið af túnum jarðanna að Stóra Sandfelli. Er lagt til að veginum verði frekar valinn staður ofan íbúðarhúsanna að Stóra Sandfelli, við mörk túna og skógar.

Í svörum framkvæmdaraðila er ítrekað að ekki hafi verið talinn raunhæfur kostur að byggja veginn ofan við íbúðarhúsin. Einnig eru ábúendur á Stóra-Sandfelli I og II samþykkir valinni leið. Bæjaryfirvöld Austur-Héraðs gera ekki athugasemd við valda leið.

Í frummatsskýrslu kemur fram að 11 kV háspennulína frá Rafmagnsveitu ríkisins þverar fyrirhugaðan veg rétt norðan við skemmu frá Stóra Sandfelli II. Raflínan verður falltreyst eða henni komið í jarðstreng og fullnægjandi öryggi tryggt.

4.3 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Samkvæmt frummatsskýrslu er veglína valin þannig að hún spilli ekki menningarminjum. Minjasafn Austurlands bendir á að óþekktar fornleifar gætu leynst undir yfirborðinu við stöð 6.550 og verði það kannað í samráði við Þjóðminjasafn Íslands með einföldum könnunarskurði. Í umsögn Þjóðminjasafns Íslands kemur fram

að það ráðist af niðurstöðum þeirrar rannsóknar hvort leggja megi veginn eins og áformað er. Í bréfi frá Minjaverði Austurlands, dags. 11 júlí 1999, kemur fram að við fornleifakönnun sem gerð var 10. júlí sl. komu engar minjar í ljós í vegstæði við stöð 6.550.

4.4 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

Fyrirhugaður vegur mun liggja að stórum hluta um ræktað land og um fimmtungur liggur í jaðri kjarr- og skógivaxins svæðis. Í frummatsskýrslu kemur fram að reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi. Á námu og skeringarsvæðum verður lífrænum jarðvegi ýtt til hliðar og honum jafnað yfir að efnistöku lokinni. Lögð verður áhersla á að ekki verði röskun utan afmarkaðs framkvæmdasvæðis og skeringum á grónu landi verður haldið í lágmarki. Gróin svæði við veg verða grædd upp að nýju. Fram kemur að samkvæmt samtali við skógræktarstjóra ríkisins er ekki ástæða til að flytja gróður úr vegstæðinu áður en framkvæmdir hefjast. Vegagerðin mun í samráði við landeigendur og Skógrækt ríkisins gróðursetja tré á svæðinu í stað þeirra sem fara undir vegsvæðið. Ekki hafa verið gerðar talningar á varpfuglum á svæðinu. Urriði og bleikja eru í Grímsá og talsverð veiði er í Skriðuvatni. Efnistaka úr áreyrum Grímsár verður utan við farveg árinna og þess gætt að farvegur árinna breyti sér ekki vegna efnistökkunnar. Framkvæmdum verður hagað þannig að áin gruggist sem minnst upp á framkvæmdartíma.

Náttúruvernd ríkisins gerir athugasemd við að ekki hafi verið leitað til sérfræðinga eftir upplýsingum um gróður á svæðinu. Lögð er áhersla á að raski á grónu svæði utan við vegstæðið verði haldið í lágmarki og dýralíf og búsvæði dýra raskist sem minnst. Þar sem vegurinn liggur um skóg- eða kjarrlendi verði einungis raskað því svæði sem þarf undir veg og vegfláa og jaðarsvæði framkvæmda verði sem minnst. Þess verði gætt að ryðja ekki ofanafýtingu út á kjarrlendið umhverfis vegstæðið. Við uppgræðslu verði tekið mið af gróðri í nágrenni vegarins og haft samráð við plöntuvistfræðing. Við efnistöku í Háamel er mikilvægt að gæta þess að ryðja ekki ofanafýtingu á kjarrlendið umhverfis.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi verið talin þörf á frekari lífríkisathugunum vegna umhverfismatsins, þar sem vegurinn liggur að mestu um raskað land og umsagnir eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins og Skógræktar ríkisins gáfu ekki tilefni til frekari athugana.

Veiðimálastjóri fellst á efnisnám í áreyrum Grímsár enda verði samráð haft við landeigendur, reynt að halda aurburði í Grímsá í lágmarki yfir sumarið og gengið vel frá í verklok.

4.5 ÁHRIF Á LANDSLAG OG JARÐMYNDANIR

Samkvæmt frummatsskýrslu verður nýr vegur felldur að landi. Efnistaka er úr landi sem hefur þegar verið raskað. Að tillögu eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins er ekki gert ráð fyrir efnistöku í ysta kollinum í Háamel eins og ráðgert var þegar vettvangsskoðun fór fram. Frágangur í verklok verður í samræmi við umhverfið. Öll umferð vinnuvéla verður bönnuð utan vegsvæðis og námusvæða. Ræsi verða lögð í skurðstæði og lægðardrög þar sem búast má við rennandi vatni. Við frágang á svæðinu verður haft samráð við ábúendur og fulltrúa Náttúruverndar ríkisins. Efnistaka á

eyrum Grímsár fer fram á svæði sem er utan við farveg árinna, nema í miklum flóðum. Þess verður gætt að farvegur árinna breyti sér ekki vegna þessarar efnistöku og gengið vel frá námu í verklok.

Eftirlitsráðgjafi Náttúruverndar ríkisins¹ bendir á að æskilegt sé að hlífa ysta kollinum í Háamel við efnisnámi þar sem hann myndar heillega umgjörð að landinu utan við. Miðkollurinn sé þegar raskaður og þar væri eðlilegt að byrja efnistöku og vinna þá námu eins og hægt er. Í innsta kollinum mætti taka efni ef unnið er frá gamla veginum en gæta þess að ganga ekki nærri hlíðinni innanvert í kollinum og sömuleiðis megi ekki fara lengra en u.þ.b. 40 m niður frá vegi.

Náttúruvernd ríkisins fer fram á að farið verði eftir þeim ábendingum og athugasemdum sem fram koma í ofangreindri skýrslu eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar og að samráð verði haft við hann um afmörkun efnistökusvæða, efnisvinnslu og frágang að efnisvinnslu lokinni. Gera verði áætlun um skipulag efnisvinnslunnar og frágang áður en efnistaka hefst.

¹ Fylgiskjal 4 með frummatsskýrslu

5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Í frummatsskýrslu er kynnt lagning 1,2 km langs vegar neðan við Stóra Sandfell I og II í Skriðdal, Austur-Héraði. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta vegasamband og auka akstursþægindi og umferðaröryggi á Hringvegi. Áætlað er að framkvæmdirnar hefjist árið 2000.

Framkvæmdin eins og henni er lýst í frummatsskýrslu er ekki talin hafa veruleg áhrif á náttúruferir svæðisins enda verði þeim mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til í frummatsskýrslu beitt. Raski á grónu svæði utan við vegstæðið verði haldið í lágmarki og öll umferð vinnuvéla verður bönnuð utan vegsvæðis og námusvæða. Þar sem vegurinn liggur um skóg- eða kjarrlendi verði einungis raskað því svæði sem þarf undir veg og vegfláa. Á námu og skeringarsvæðum verði lífrænum jarðvegi ýtt til hliðar og jafnað yfir að efnistöku lokinni. Gróin svæði verði grædd upp að nýju og tekið verði mið af gróðri í nágrenni vegarins í samráði við landeigendur. Vegagerðin mun gróðursetja tré á svæðinu í stað þeirra sem fara undir vegsvæðið í samráði við landeigendur og Skógrækt ríkisins. Ræsi verði lögð í skurðstæði og lægðardrög þar sem búast má við rennandi vatni.

Við efnistöku verði ekki tekið efni úr ysta kollinum í Háamel. Byrjað verði á mið kollinum sem nú þegar hefur verið raskað og sú náma unnin eins og hægt er, úr innsta kollinum má taka efni ef unnið er frá gamla veginum en gæta skal þess að ganga ekki nærri hlíðinni innanvert í kollinum. Frágangur í verklok verði í samræmi við það landslag sem einkennir umhverfið á svæðinu. Efnistöku á áreyrum verði hagað þannig að áin gruggist sem minnst upp á framkvæmdartíma og í verklok verði gengið frá námusvæðinu þannig að sem minnst ummerki sjáist.

Samráð skal haft við Náttúruvernd ríkisins um afmörkun efnistökusvæða, efnisvinnslu og frágang að efnisvinnslu lokinni. Samráð skal haft við landeigendur um efnistöku í Grímsá.

Framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á menningarminjar á svæðinu. Raflínan sem þverar fyrirhugaðan veg skal falltreyst eða henni komið í jarðstreng og fullnægjandi öryggi tryggt.

Samkvæmt 27. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf að sækja um framkvæmdaleyfi til Austur-Héraðs vegna framkvæmdarinnar. Ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdarsvæðinu en svæðisskipulag er í vinnslu og er flutningur vegarins í samræmi við drög að svæðisskipulagi. Sveitarstjórn þarf að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna, athugasemdar og svara framkvæmdaraðila við þeim er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð lagning Hringvegjar um Stóra Sandfell í Skriðdal muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 8. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu ásamt umsögnum, athugasemd og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar er fallist á fyrirhugaða lagningu Hringvegar, um Stóra Sandfell í Skriðdal eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu.

7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 3. september 1999.

Reykjavík, 30. júlí 1999

Stefán Thors

Þóroddur F. Þóroddsson